

Fundur í stjórn foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness

Fundur haldinn þann 2. maí kl. 17:30 í Mýrarhúsaskóla.

Mættir f.h. stjórnar foreldrafélagsins: Svana M. Davíðsdóttir, Sonja Bergmann, Davíð S., Ólafía Harðardóttir, Haukur Hauksson, Guðrún Björg Karlsdóttir og Rakel Viðarsdóttir.

Fundarstjóri: Svana. M. Davíðsdóttir.

Fundarritari: Guðrún Björg Karlsdóttir

1. Skólaráðsfundur verður haldinn í næstu viku.
 2. Rætt um skólanefndarfund frá 19. mars s.l.
- Úthlutun til Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2017-2018.
Svana M. Davíðsdóttir gerði enn einu sinni athugasemdir um fjölda í bekkjum og stefnu í þeim efnum. Þarf að beina slíkum beiðnum að skólastjóra þ.s. hann hefur öll völd til að ákvarða breytingar í þeim efnum. Úthlutunin er enn opin og verður opin eitthvað fram á haustið.
 - Umsókn um starfsleyfi fyrir þróunarskóla.
Hugmyndin var kynnt á fundinum. Metnaðarfullt og flott. Því miður er ekki pláss í skólanum fyrir þetta. Þurfa 150 fm² pláss fyrir 10-12 nemendur. Vantar inn í þetta sérými sem skólinn gæti þurft. Umsókn því miður hafnað.
 - Bókun 1 í kjarasamningi SNS og FG frá 29.11.2016.
Fræðslufulltrúi veitti upplýsingar um framgang. Kennarar hafa komið saman til að ræða. Samstarfshópur gert samantekt úr samtölum kennara. Allir kennarar hafa rödd og eru ánægðir með þessa vinnu. Eiga að skila skýrslu til sveitarfélagsins í maí. Hluta niðurstaðanna þarf að beina til skólans, sveitarfélagsins, o.s.frv. Sumt nú þegar komið í farveg. Álagstengd mál hafa verið mikið rædd. Mikil vinna en á áætlun. Jafnhliða skoðuð starfskjör kennara á landinu öllu. Sambærilegt að því er virðist s.s. varðandi hlunnindi. Þarf að skoða námsmatið betur.
 - Framkvæmd stefnumótunar Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum.

Rætt um skólanefndarfund sem haldinn var 19. apríl s.l. Á fundinum var meðal annars rætt um:

- Skóladagatal Leikskóla Seltjarnarness skólaárið 2017-2018.
- Inntöku barna í Leikskóla Seltjarnarness skólaárið 2017-2018.
- Lýðheilsustefna í skólastarfi -málsnr. 2016110053. Varðar leikskóla, grunnskóla og frístund. Vinnustofa um samstarf verður í lok apríl. Búin að tilnefna fulltrúa frá leik og grunnskóla frá okkur. Verkefni til fleiri ára. Rætt við Hugarfrelsi um að vera með námskeið fyrir 10. bekk og kennarana.
- Aðgerðaráætlun vegna íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsustefnu
Felur það m.a í sér að nú eru tómstundir komnar undir skólanefndina. Margrét Sigurðardóttir kynnti skýrslu sem lögð var fram fyrir fundinn.
- Húsæðismál Mýrarhúsaskóla. Baldur fræðslufulltrúi fór yfir stöðuna. Almennt talið gott ástand á húsæðinu. Var talsvert endurgert á árunum 2005-2007. Brugðist við eftir þörfum. Utanhúss klæðning á nýrri álmu skólans bætt. Endurnýja þarf gler í nýrri rými skólans. Viðhaldi sinnt með reglubundnu hætti. Lekamálin – framkvæmdir hafa tafist vegna vætutíðar. Vinna við frágang hafin. Litapróf sýndi neikvæða niðurstöðu vegna myglu. Ekki víst hvort búið að koma í veg fyrir lekann. fram kom að fulltrúar skólans væru ekki sáttir við hönnunina á húsæðinu. Þarf að fyrirbyggja lekavandamál til lengri tíma litið. Verður kannað bak við plötu og á gólfdukk hvort geti leynst mygla þar. Verkis sér um mælingar á loftgæðum. Standa enn yfir. Kálfurinn. Þak endurnýjað 2015. Fyrir þann tíma lak þakið en virðist vera þornað upp. Settar upp nýjar þakrennur. Hreinsað út og hurðarop breikkuð. Búið að saga fyrir nýjum lögnum. Búið að tala við utanaðkomandi aðila um ýmsa þætti. Sýni verða tekin m.t.t. myglu. Framkvæmdum lokið 31. júlí 2017. Samið við mismunandi verktaka, dúkara, pípulagningamenn, flísara o.fl. Samþykkt á fundinum að fengið verði skýrsla frá fagaðila áður en farið verður í frekari framkvæmdir.
- Bókun 1 í kjarasamningi SNS og FG frá 29.11.2016. Skýrsla verður send til kynningar til allra kennara með samantekt af því sem kom út úr vinnunni. Skólanefnd mun halda einn vinnufund með nefndinni þ.s. umbótaáætlun til skólans verður rædd. Fer líka vinna inn í kjarasamningana sem verður rædd á öðrum vettvangi í samstarfi sveitarfélaganna. Hefur komið skýrt fram í vinnunni að námsmatið nýja og vinnslan inn í Mentor var mjög illa unnið af hálfu menntamálaráðuneytisins og hefur valdið miklum vandræðum.

3. Rætt um verkefni framundan. Vorhátíð Mýrarhúsaskóla verður 2. júní. Verkefnum skipt á milli nefndarmanna. Fundur 22. maí til að fara yfir skipulag .Einnig útskriftakaffi í Mýró og lokaball í Való sama kvöld. Þarf að manna vaktir. Guðrún kaupir kaffi og konfekt fyrir útskriftarkaffið og mætir með smá konfekt á aðalfundinn.
4. Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn í Mýrarhúsaskóla 17. maí nk. kl. 1730. Mikilvægt að sem flestir mætir. Svana sendir póst á foreldra og boðar á fundinn.
5. Rætt um stjórn foreldrafélagsins næsta vetur. Málið verður rætt betur á næsta fundi.

Guðrún Björg skrifaði fundargerð